

Fréttabréf



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

2. tölublað 2025



Ekkert barn útundan!

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú eigir kost á að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, á góðri stundu í vinnuferð í þorpinu TA Makhwira í Malaví.

Góð byrjun

Markmið Hjálparstarfs kirkjunnar er að rjúfa vítahring fátæktar, stuttrar skólagöngu og lágra launa. Starfið er fjölbreytt og öflugt. Þar má nefna Skjólíð - opið hús fyrir konur sem búa við heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður. Í Skjólínu geta konurnar sinnt grunnþörfum sínum fyrir hvíld, næringu og persónulegt hreinlæti, auk þess sem starfskonur og aðrir fagaðilar eru til staðar og sinna þörfum kvennanna fyrir samveru og nánd.

Hjálparstarfið veitir neyðaraðstoð um allt land í formi inn eignarkorta í matvöruverslunum. Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf fólks í félagslegri neyð en til þess að fólk komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á heildrænan hátt. Með það að markmiði að stuðla að aukinni virkni skipuleggja félagsráðgjafar Hjálparstarfsins reglulega sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf í samráði við þá sem leita aðstoðar.

” Í íþróttum er oft talað um að góð byrjun skipti máli. Sama á við um lífið sjálft, góð byrjun skapar grunn fyrir gott líf. Í þessu samhengi skiptir menntun og skólaganga miklu máli. Við getum verið þakklát fyrir gott menntakerfi á Íslandi, góða leikskóla og grunnskóla.

Nú í skólabyrjun vill Hjálparstarfið styðja foreldra grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör við að útbúa börnin í skólann. Stuðningurinn felst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem hafa ekki efni á að kaupa skólatösku, hlýjan vetrarfatnað, íþróttabúnað og fleira sem þarf í upphafi skólaárs og yfir veturinn. Eins fá ungmenni í framhaldsskóla styrki til að standa straum af kostnaði við námið svo þau heltist ekki úr lestinni í námi sínu.

Von okkar er að þetta gefi börnunum góða byrjun á skólaárinu, jafnari möguleika til þroska og menntunar.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins leggja áherslu á að hlusta á og ræða við einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Markmiðið er að finna lausnir, byrja upp á nýtt, skapa betri möguleika, ekki síst fyrir börnin.

Nú sem fyrr leitum við til þín um stuðning við átakið okkar „Ekkert barn útundan“. Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka landsmanna og við viljum gjarnan taka á móti heilum og hreinum vetrarfatnaði fyrir börn og vel með förnum skólatöskum.

Þinn stuðningur skiptir máli.

Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri

Börn sem búa við fátækt mega aldrei einangrast



Í fyrrahaust fengu fjölskyldur 311 barna stuðning frá Hjálparstarfinu við upphaf skólaárs.

Á hverju hausti leita fjölmargar barnafjölskyldur til Hjálparstarfs kirkjunnar þegar skólastarf er við það að hefjast. Ástæðan er einföld og ávallt sú sama. Þau sem minnst hafa handa á milli þurfa aðstoð við að útvega börnum sínum það sem öll börn þurfa þegar skólar hefjast; góða skólatösku, fatnað, ritföng og fleira. Í fyrrahaust leituðu 127 fjölskyldur til Hjálparstarfsins við upphaf skólastarfs og börnin sem fengu aðstoð voru 311 talsins.

Próun efnahagsmála undanfarin ár hefur haft sérstaklega neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem fyrir stóðu höllum fæti í samfélaginu. Umsóknnum til Hjálparstarfsins frá fjölskyldum í fjárhagslegum erfiðleikum hefur fjölgað og oftast en ekki er byrði húsnæðiskostnaðar um að kenna, sem er reyndar gömul saga og ný. Slík staða bitnar á þeim sem síst skyldi en börn eru stór hluti þeirra sem njóta góðs af þeirri aðstoð sem Hjálparstarfið getur veitt.

Bjallan hringir inn

Skólastarf er að hefjast og nú í ágúst leggur Hjálparstarfið því sérstaka áherslu á að aðstoða efnalítla foreldra í upphafi skólaárs til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna. Foreldrar fá þá aðstoð svo börnin geti stundað íþróttir og tómstundastarf með jafnöldrum sínum – óháð efnahag. Börnin fá einnig vetrarfatnað, íþróttfatnað og -töskur, ritföng til að nota heima við, nestisbox og skólatösku.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, útskýrir að Hjálparstarfið

hafi um langt árabíl aðstoðað foreldra sem eiga börn á þessum tímamótum sem upphaf skólagöngu er. Sérstök haustsöfnun í tilefni þess að skólastarf er að hefjast kom til árið 2017, en fram til þess tíma hafi Hjálparstarfið notið stuðnings fjölda aðila við að létta undir með foreldrum skólabarna.

Mikilvægum áfanga var náð þegar sveitarfélögin samþykktu að bjóða öllum nemendum gjaldfrjáls skólagögn og skólamáltíðir. Það breytti myndinni þó ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir þá sem verst standa, þó aðgerðin hafi vissulega verið til bóta. Öll börn og ungmenni eiga að stunda sinn skóla án þess að fjölskyldur þeirra þurfi að bera af því kostnað,“ hefur Vilborg bent á og vísar til þess að fjölskyldur 16 til 18 ára barna bera kostnað sem réttmætt má telja að væri greiddur eins og í tilfelli yngri barna. Sérstaklega er þetta mikilvægt þar sem þessi aldurshópur krefst ýmiss kostnaðar sem fellur ekki til fyrr á ævinni og hópurinn er ekki allur svo heppinn að komast í uppgrip yfir sumarið. Þá er brottfall úr skóla áhyggjuefni sem mikið er rætt og



Öll börn þurfa að hafa vissa hluti hjá sér þegar skólastarf hefst. Afar mikilvægt er að öll börn standi jafnfætis jafnöldrum sínum á þessum mikilvæga tíma.

aðgerð sem þessi getur unnið gegn því að ungmenni flosni upp úr skóla, að mati Vilborgar og vísar til reynslu sinnar í viðtölum við fjölskyldufólk í störfum sínum sem félagsráðgjafi um langt árabil.

Yfir 300 börn fengu aðstoð í fyrra

Samtals fékk foreldri 311 grunnskólabarna (127 fjölskyldur) fyrir þau skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs haustið 2024. Fjölmörg börn og unglingar yngri en 18 ára fengu auk þess styrk til þess að stunda íþróttir, listnám og tómstundastarf með jafnöldrum sínum. Sjaldan hafa jafn margir sótt um aðstoð til Hjálparstarfsins vegna skólabyrjunar, og ekkert bendir til annars en hópurinn sem sækir um á hausti komanda verði áþekkur að stærð.

„Það er hópur einstaklinga sem á ekki fyrir skólatösku, útifötum og öðru slíku sem þarf þegar skólinn er að byrja. Þetta sjáum við skýrt en aðsókn eftir aðstoð til að kosta tómstundir barna og unglinga hefur líka verið að aukast og fyrir því liggja ýmsar ástæður. Þegar haustið kemur þá eru allir búnir með frístundastyrkinn sinn. Þá gerist það oft að krakkar hætta í íþrótt- eða tómstundastarfi, allt þar til það kemur nýr frístundastyrkur. Þess vegna erum við að safna fjármagni til að hjálpa fólki til að greiða haustgjöldin,“ segir Vilborg en komið hefur fram að í tilfellum meira en þúsund barna í Reykjavík er frístundakort þeirra nýtt til að greiða fyrir frístundaheimili og í tilfelli fjölmargra barna er frístundastyrkur þeirra notaður til að greiða fyrir íslenskukennslu.

Heltast úr lestinni

Vilborg og aðrir félagsráðgjafar Hjálparstarfsins sjá ítrekað að börn byrja í janúar í íþrótt- eða tómstundastarfi en þegar tími keppnisferða gengur í garð þá heltast krakkarnir úr lestinni og bera fyrir sig einhverjar afsakanir í stað þess að viðurkenna að það séu ekki til peningar á heimilinu og þau komist ekki með. Íþróttafélög bjóða mörg upp á félagslega styrki en foreldrar eru ekki allir meðvitaðir um það eða finnst erfitt að fara þess á leit að fá slíka styrki eða niðurfellingu á gjöldum. Svo eru það sumarferðirnar þar sem kostnaður í tilfelli stórra fjölskyldna er sligandi. Vilborg tilgreinir dæmi þar sem faðir með fjögur börn leitaði til Hjálparstarfsins og viðurkenndi að hann þurfti að fjármagna þátttöku þeirra í mótahaldi með lántökum enda hlaupi kostnaðurinn á hundruðum þúsunda.

Vilborg telur að frístund barna eigi að vera gjaldfrjáls, enda hluti af skólastarfinu. Aðstoð við heimanám og slíkt í frístundinni sé einfaldlega hluti af því að vera í skóla. Margir foreldrar nýta styrkinn til að greiða fyrir frístundina í skólanum og þeim börnum stendur því ekki til boða að taka þátt í íþrótt- eða tómstundastarfi, tónlistarskóla eða dansi eftir skólatíma, þegar búið er að nota styrkinn í annað.

„Ég hef reynt að koma því á framfæri hvernig ég sé þetta. Það er að börn á Íslandi fái eina tómstund að eigin vali fría. Þá er ég að tala um æfingagjöldin, það sem kostar að fara í ferðirnar og annað. Velji foreldrar að börnin fái fleiri en eina tómstund þá borga þau það úr eigin vasa. Þetta er



Mikilvægt er að tryggja að börn og ungmenni flosni ekki upp úr skóla vegna fjárhagslegrar stöðu fjölskyldunnar.

lýðheilsu, forvarnamál og myndi jafna stöðu barna til mikilla muna,” segir Vilborg sem telur eðlilegt að ríkið komi að verkefninu með sveitarfélögunum. Íþróttafélögin ættu líka að hætta að merkja íþróttaföt með nöfnum barnanna, svo hægt sé að endurnýta þau.

” Við viljum ekki að sum börn þurfi að standa á hliðarlínunni og þurfi að beita fyrir sig afsökunum til að útskýra af hverju þau taka ekki þátt.

Vilborg segir erfitt að meta hvort frekari aukning verði á umsóknum þetta haustið. Ekkert bendi þó til annars en að þörfin sé mikil og húsnæðiskostnaður heimilanna sé viðvarandi vandamál. Draga megi þá ályktun að mörg fjölskyldan kvíði haustinu.

Mega ekki einangrast

Markmið Hjálparstarfsins með sérstakri aðstoð í skólabyrjun ár hvert er að börn einangrist ekki vegna bágs efnahags fjölskyldunnar. Þekkt er að börn sem búa við fátækt eru útsett fyrir félagslegri einangrun sem getur

valdið þeim sársauka og haft langvarandi félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

Stundum þarf svo lítið til, segir Vilborg. Áföll sem í margra augum eru smávægileg geta haft alvarlegar afleiðingar á þessum viðkvæma tíma í lífi hvers barns. Þess vegna er afar mikilvægt að lágmarka hættuna á því að börnin sjái skólann í neikvæðu ljósi í upphafi skólagöngu.

„Það getur haft mikil áhrif síðar á ævinni,” segir Vilborg.





Fyrir fólk sem býr við sárafátækt er það bylting að fá nokkrar geitur að gjöf.

Í Chikwawa héraði, verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví, er merkileg breyting að verða á högum fátækra bænda þar um slóðir. Birtingarmynd hennar eru geitur, fjórfætlingar sem í orðsins fyllstu merkingu geta bylt líf skjörum fólks sem býr við sára fátækt.

Einn verkþáttur í þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfsins, Makhwira Community Livelihood Resilience and Strengthening Project (MCLRS), felst í að fjölskylda sem lengi hefur haft fá úrræði til að bæta sinn hag fær til ræktunar fimm geitur – hafur og fjórar huðnur. Má nefna að geitur, sem voru oft nefndar kýr fátæka fólksins hér heima, henta vel aðstæðum í Malaví enda geta þær lifað á afar rýru landi og þurfa kjarnminna fóður en margir aðrir grasbítar.

Bættur hagur þeirrar fjölskyldu sem fær geitahjörð nær fljótt til annarra sem líkt á við um, því þegar þeirra litla hjörð gefur af sér afkvæmi þá er kiðlingunum deilt áfram til sveitunga þeirra, og svo koll af kolli. Þannig stuðlar velgengni eins bónda og fjölskyldu hans að velmegun samferðamanna hans og samfélagsins alls þegar vel gengur.

Það má segja að verkefnið taki á sig mynd lítils deilihagkerfis innan héraðsins. Má nefna dæmi frá því í fyrra þar sem í einu sveitarfélagi fengu sjö fjölskyldur geitahóp en að tiltölulega stuttu síðar voru fjölskyldurnar orðnar tíu sem stunduðu geitarækt á forsendum deiliræktunarverkefnisins. Alls voru geiturnar þá orðnar tæplega 50 og fjórtán þeirra kiðlingar úr upphaflegu úthlutuninni.

Blásið til sóknar

Maður er nefndur Jonas Kalonda, harðduglegur bóndi í Mitengo, einu þeirra þorpa í héraðinu sem verkefnið nær til. Hann fékk úthlutað fimm geitum síðla árs 2023 sem fljótt snéri hans lífi frá erfiðri varnarbaráttu til sóknar. Við úthlutun geitahjarðarinnar var honum gert að deila kiðlingum til nágretta síns Mörthu Mlabowa, sem var ofarlega á biðlista eftir kiðlingum. Hann stóð svo sannarlega við sitt og eftir rúmlega fimm mánuði hafði Martha fengið þrjár geitur frá Jonasi og aðrar tvær nokkrum vikum síðar.

Verkefni Hjálparstarfsins er unnið í samstarfi við Samband evangelískra kirkna í Malaví (Evangelical Association of Malawi, EAM) sem nýtur virðingar fyrir fagleg vinnubrögð í þróunarsamvinnu. Í umsögn samstarfsfólks Hjálparstarfsins hjá EAM breytti þetta lífi þeirra beggja til hins betra á aðeins nokkrum mánuðum. Segja þau að þetta sé til marks um hversu mikilvægt það sé að verkefnið skili ávinningi einstaklingsins áfram og varpi ljósi á mikilvægi samtryggingar og ábyrgðar einstaklingsins gagnvart samfélaginu í heild. Gæfa eins styrki þannig samfélagið í heild sem verður einn aðal hvatinn fyrir því að halda áfram svo fleiri og fleiri njóti ávaxtanna.



Með smá aðstoð hefur Lukia byggt upp gott líf fyrir fjölskyldu sína og er stolt af ræktun sinni sem er fjölbreytt.

„Ég hef beðið lengi, lengi eftir tækifæri til að bæta líf fjölskyldunnar,“ segir Martha þakklát sem segir að draumur hafi ræst. Ég trúi því að erfiðleikar okkar séu að baki ef ég verð skynsöm og nýti tækifærið til að byggja upp stærri hjörð. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að stækka hjörðina mína og deila kiðlingum áfram til næsta bónda á biðlistanum,“ segir Martha. „Þá mun hans líf breytast eins og líf minnar fjölskyldu.“

Von og tækifæri

Verkefni Hjálparstarfsins og EAM er lítið sem vonargeisli inn í bændasamfélagið í Chikwawa. Ekki breytir það eingöngu lífi einstakra bændafjölskyldna, að sögn umsjónarmanna EAM heldur valdeflir það samfélagið allt. Verkefnið sýni að gott skipulag og framsýni geti verið mikið hreyfiafl í samfélagi þar sem fátækt fólks er mikil.

Þegar geiturnar voru afhentar í þorpinu Mitengo vildi Jonas Kalonda koma þakklæti sínu á framfæri til aðstandenda verkefnisins, og sagði við það tækifæri:

„Við áttum lítið sem ekkert en nú hefur allt breyst. Verkefnið snýst ekki aðeins um geitur heldur miklu frekar um von og tækifæri, sem við höfðum ekki áður. Framtíð mín og fjölskyldu minnar er björt og okkur mun ekkert skorta aftur,“ sagði Jonas og má merkja af orðum hans hversu miklu er hægt að breyta þó framlagið sé ekki stórt í margra augum.

Leiðtogar innan þorpanna starfa með umsjónarmönnum EAM að því að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Þeir segja að á næstu mánuðum muni fleiri og fleiri fá geitur til ræktunar og árangurinn veiti hópnum innblástur og hvatningu til góðra verka. Ef samfélagið vinni að sameiginlegu takmarki þá sé mögulegt að umbylta lífsskilyrðum fólks til lengri framtíðar.

LINDIN
FJÖLMÍÐLUN ÚTVARP
www.lindin.is

Fm 102,4 Ísafjörður
Fm 106,5 Siglufjörður
Fm 106,5 Ólafsfjörður
Fm 103,1 Akureyri
Fm 105,1 Egilsstaðir
Fm 96,9 Stykkishólmur
Fm 102,9 Reykjavík
Fm 105,1 Selfoss
Fm 88,9 Vestmannaeyjar
Fm 102,9 Höfn

Hlustaðu allan hringinn!



Lukia hefur gefið græðlinga áfram til annarra fjölskyldna sem njóta góðs af. Verkefni Hjalparstarfsins hverfist um hálfgerð deilihagkerfi sem hefur þegar sannað sig.

Að deila banana

En verkefnið einskorðast ekki við geitaræktun. Önnur birtingarmynd þess er í bananaræktun á verkefnasvæðinu.

Lukia Chinyama er bóndi sem ræktar banana á landskika sem henni tilheyrir. Hún fékk um fjörutíu afleggjara bananaplöntunar og strax á fyrsta ári var uppskera hennar 11 fullþroskaðir bananaklasar, en á hverjum þeirra eru á milli 150 og 200 bananar. Hún hélt einum slíkum fyrir fjölskylduna sem var mikilvæg viðbót við daglegt mataræði fjölskyldunnar. Tíu klasa seldi hún hins vegar á bændamarkaði í þorpinu og uppskar 109.000 malavíska kvaka fyrir, en það eru 8.750 íslenskar krónur sem er ekki fjarri mánaðarlegum meðaltekjum bænda í Malaví. Sú upphæð breytir stöðu fátækrar fjölskyldu í Malaví umtalsvert.

Því til viðbótar gat hún gefið tuttugu afleggjara bananaplöntunar til fimm fjölskyldna í sveitinni. Þær njóta ávaxta verkefnisins eins og Lukia og voru viljug til að stunda ræktun á forsendum verkefnisins en auðvelt er að fjölga plöntunni með að taka afleggjara, láta róta sig í vatni og koma svo fyrir í mold.

„Peningarnir sem ég fékk fyrir ávextina dugðu til að borga fyrir skólavist allra barnanna minna sem eru fjögur. Ég gat líka keypt mat fyrir heimilið og ég lagði svolitla upphæð inn í samfélagsbankann sem var stofnaður innan verkefnisins,“ segir Lukia.



Þegar aðstæður eru hagfelldar í sveitum Malaví er mögulegt að rækta allt á milli himins og jarðar. En náttúruöflin eru óvægin þar í landi og áföll tíð.



Framtíðin er björt hjá Dariusi
en það var svo sannarlega ekki
svo fyrir nokkrum árum síðan.

Dreymir um að standa á eigin fótum

Darius Taremwa er 24 ára gamall piltur sem býr í Banda, einu fátæktahverfa Kampala. Darius hóf starfsnám í smiðju UYDEL í hverfinu eftir að fyrrum nemandi hafði bent félagsráðgjöfum á að hann þyrfti aðstoð. Þá var hann í hættulega mikilli fíkniefnaneyslu og í hópi jafnaldra sem lentir voru á refilstigum.

Darius býr í Banda, einu af mörgum fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda. Foreldrar hans eru bæði á líffi og búa enn í þorpinu þar sem hann ólst upp. Faðir hans er smiður en móðir hans er bóndi. Þau eru sjö systkinin og Darius er fimmta barn í röðinni. Stærð fjölskyldunnar hafði mikið með það að gera að hann flosnaði upp úr skóla en faðir hans gaf honum þá skýringu að hann yrði að hætta í skóla þar sem fjölskyldan réði ekki við að koma barnahópnum öllum til mennta.

Gatan tók við

Um skeið flæktist Darius um í þorpinu og hafði ekkert fyrir stafni. Því ákvað hann, eins og þúsundir úganskra ungmenna í svipaðri stöðu, að taka hatt sinn og staf og freista gæfunnar í höfuðborginni. Þar var systir hans fyrir og veitti honum húsaskjól. Fyrir henni kynnti hann þá hugmynd að reyna fyrir sér í klæðskurðarnámi. Systir hans greip hugmyndina á lofti og kom honum að hjá fyrirtæki í nágrenninu, C & D Fashions. Þar dvaldi Darius

í þrjá mánuði en kynntist á þeim tíma hópi jafnaldra sinna sem leiddi til þess að hann flosnaði upp úr námi. Við tók gatan, fíkniefni og smáglæpir.

Félagsráðgjafar UYDEL komu inn í líf Dariusar á réttum tíma, má segja. Þeim var bent á þennan ungan mann sem væri kominn á vandan stað en vildi söðla um. Viðtal leiddi í ljós að hann væri tilbúinn til að snúa við blaðinu og áhugasvið hans í klæðskurði byggði undir að nám í smiðjum UYDEL hentaði honum vel. Darius fékk tækifærið og greip það tveim höndum. Hann valdi að halda áfram námi í klæðskurði en þurfti mikinn stuðning starfsfólks smiðjunnar vegna fíkniefnavanda síns. Tíminn leið og svo kom að Darius var tilbúinn að takast á við önnur verkefni og frekara nám innan smiðjunnar; ekki síst allt sem viðkemur því að vera sjálfstæður á vinnumarkaði með bættu fjárlæsi og viðskiptatengdum námskeiðum. Áður en námi lauk hafði hann með höndum að fræða jafnaldra sína um stórt sem smátt, líkt og hann var studdur af nemendum við komuna fáum mánuðum fyrr.



Darius er klæðskeri og er hér við vinnu sína hjá fyrirtækinu She4She.

Erfitt að hugsa til baka

„Ég hefði ekki trúað því þegar ég kom í smiðjuna í Banda að mér yrði treyst fyrir jafningjafræðslu. En svona þróaðist þetta og ég á þeim hjá UYDEL mikið að þakka – margir studdu mig þegar ég kom og er ánægður með að hafa getað hjálpað til,“ segir Darius sem hafði með höndum námskeið í lífsleikni og ekki síst námskeið um ábyrga kynhegðun.

Darius fékk vinnu án fyrirhafnar þegar námi lauk; við sérsaum, sniðagerð og aðra fagvinnu sem fagi hans tengjast. Eigandi saumastofunnar She 4 She gaf honum

tækifærið. Hann er lausráðinn og tekur að sér verkefni þegar þau berast stofunni, en vinnan er ágætlega borguð og hann getur auðveldlega greitt fyrir allar helstu nauðsynjar auk þess sem hann nær að leggja lítilega til hliðar.

„Minn draumur er að vinna hér á stofunni þar til ég get staðið á eigin fótum; stofnað litla saumastofu þar sem ég get unnið að mínum eigin verkefnum. Ég er bjartsýnn núna og það er erfitt að hugsa til baka þegar ég átti ekkert nema vandamál,“ segir Darius.

Í Úganda er Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við samtökin Ugandan Youth Development Link, UYDEL, sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum höfuðborgarinnar Kampala og eru leiðandi í baráttunni gegn mansali og barnaprælkun í landinu.

Í höfuðborginni reka samtökin smiðjur fyrir börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára og fjármagnar Hjálparstarf kirkjunnar starfið í þremur þeirra. Í smiðjunum þremur stunda um 500 unglingar nám ár hvert. Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu



Endurbyggð áveita byltir lífi bænda

Hér mun uppistöðulón áveitunnar rýsa og undrafljótt mun vatn renna um tugi hektara ræktarlands sem áður nýttust lítið sem ekki neitt.

Hitabeltisstormurinn Freddy sem barði á suðurhluta Malaví um miðjan mars 2023 skildi eftir sig slóð eyðileggingar og manntjóns. Stormurinn hafði áhrif á líf 2,3 milljóna manna. Innviðir stórskemmdust víða um landið sunnanvert og vel á sjöunda hundrað þúsund manns hraktist frá heimilum sínum.

Í kjölfar hamfaranna ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að ganga til samstarfs við systurstofnanir sínar í Noregi (NCA) og Danmörku (DCA) um brýna neyðaraðstoð í Chikwawa-héraði þar sem Hjálparstarfið stendur að langtímaverkefni í þróunarsamvinnu.

Neyðaraðstoð Hjálparstarfsins vegna hitabeltisstormsins er lokið en víða í landinu stórskemmdust opinberar byggingar; skólar, sjúkrahús sem og samgöngumannvirki. Eins raforkumannvirki, vatnsveitukerfi, uppskera tapaðist og ræktarland eyðilagðist í stórum stíl. Það gerir stöðu margra enn alvarlegri þegar til lengri tíma er lítið en tugþúsundir hektara ræktarlands skuluðust burt í flóðunum.

Þungamiðja neyðaraðstoðar Hjálparstarfsins var í Chikwawa héraði, eins og áður sagði vegna þróunarsamvinnuverkefnisins sem hófst í ársbyrjun 2023. Verkefnið er unnið í samstarfi við Samband evangelískra kirkna í Malaví (Evangelical Association of Malawi, EAM) og lauk í júnímánuði.

Uppbygging áveitu

Hjálparstarf kirkjunnar samþykkti á vormánuðum að styrkja nýtt verkefni í Malaví sem tengist ofansögðu bæði beint og óbeint. Um var að ræða uppbyggingu á Mlongosola – Tithandizane áveitukerfinu í sveitarfélaginu TA Makhwira á verkefnasvæði Hjálparstarfsins í Chikwawa héraði. Að verki loknu mun áveitan sjá 150 bændafjölskyldum fyrir vatni fyrir rúmlega sjö hektara ræktarlands. Þegar verkefnið hófst náði áveitan aðeins að sjá 60 bændum fyrir vatni sem nýttist á aðeins lítinn hluta þess ræktarlands.

Margfaldar ræktarland

Svæðið sem um ræðir var gert hæft til ræktunar árið 2015 í samstarfi við Irish Aid og sem hluti af verkefni sem kallaðaðist Enhancing Community Resilience Project. Frá þeim tíma hafa bændur ræktað baunir, mäs, sætar kartöflur og margar tegundir grænmetis. Hverjum bónda var úthlutað skika sem var tíu sinnum fimmtíu metrar að stærð, en svæðið allt er 7,5 hektarar að stærð. Ef allt gengur að óskum sjá starfsmenn EAM fyrir sér að í framtíðinni megi rækta allt að fimmtán hektara lands sem gefur mikla möguleika fyrir bændur og byggir undir velmegun fjölskyldna þeirra á stóru svæði í héraðinu.

Ýmis áföll hafa hins vegar takmarkað notkunarmöguleika svæðisins. Miklar rigningar hafa ítrekað spilt fyrir því sem byggt hefur verið upp; árin 2018, 2019 og 2021 en stærsta áfallið voru náttúruhamfarir árið 2023 þegar hitabeltisstormurinn Freddy reið yfir. Eftir þessi áföll höfðu innviðir áveitukerfisins orðið fyrir miklum skemmdum og átti það við um inntak, varnargarða, skurði og vatnsleiðslur. Til bráðabirgða hafa litlar vatnspumpur verið nýttar til að veita vatni á landið en þær anna aðeins brotabroti af því sem áveitan skilar uppbyggð.

Þá fellur undir verkefnið að stofna til og þjálfa nefndir heimamanna til að annast mannvirkin að uppbyggingu lokinni auk þess sem bændur á svæðinu fá þjálfun í því að nýta vatnið frá áveitunni með skilvirkum hætti og fræðslu um ræktun almennt. Allt er þetta gert til að tryggja sjálfbærni svæðisins til lengri tíma lítið, bæði hvað varðar mannvirkin og til að hámarka uppskeru á hverjum tíma. Nýtt

Nýtt verkefni til aðstoðar flóttafólki frá Kongó

Flóttafólk flæðir yfir landamærin til Úganda og talið að um 600 manns fari yfir landamærin daglega

Hörð átök hafa geisað í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó um langt skeið og fólk flúið til nágrannalanda – ekki síst Úganda þar sem Hjálparstarfið er í samvinnu um tvö verkefni á sviði þróunarsamvinnu. Hjálparstarfið tekur nú þátt í nýju verkefni vegna flóttamannastraums frá landinu.

Stefna Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fjárframlag til mannúðaraðstoðar í Afríku sunnan Sahara. Á haustmánuðum 2024 sendi Hjálparstarfið fjárframlag til mannúðaraðstoðar í Súdan og Suður-Súdan og nú bætist við aðstoð við flóttafólk frá Kongó.

Vopnuð átök milli stjórnarhersins og uppreisnarhópa í landinu hafa stigmagnast síðustu þrjú ár og hafa verið mjög blóðug fyrstu mánuði ársins 2025. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa að minnsta kosti þrjú þúsund manns látið lífið og fleiri en 500 þúsund lagt á flótta nú í ár. Í Kivu í Kongó er ástandið mjög slæmt og fólk þar býr við mikinn skort og öryggi. Í mars höfðu um 36.500 manns bæst í hóp flóttafólks í Úganda á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025 en fleiri en 550 bætast í hópinn daglega. Móttökustöðvar í Úganda eru löngu sprungnar og mikil þörf á að bregðast við.

Hjálparkall

Vegna stöðunnar sendi Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna (ACT Alliance) frá sér ákall þann 23. maí síðastliðinn. Ákallið CEA241 – Revision 1 nær til starfsemi ACT Alliance í Kongó, Úganda og Tanzaníu. Langflestir skjólstæðingar sem ákallið nær til dvelja í Úganda og Lútherska heimssambandið (Lutheran World Federation, LWF) – samstarfsaðili Hjálparstarfsins

í þróunarsamvinnu í Kampala, þjónar langflestum skjólstæðingum samkvæmt ákalli ACT Alliance og leiðir auk þess starf samstarfsaðila í Úganda.

Í lok maímánaðar var ákveðið að senda 21 milljóna króna fjárframlag til LWF í Úganda vegna stöðunnar sem að ofan er lýst. Rétt þótti að eyrnamerkja framlagið LWF í Úganda sem bæði aðstoðar flóttafólkið með beinum hætti og leiðir starf samstarfsaðila í CEA241 ákallinu á landsvísi. LWF Úganda er auk þess samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar til margra ára og Hjálparstarfið fer árlega í úttektaferðir til landsins sem veitir tækifæri til að heimsækja flóttamannabúðirnar í vöktunarferð til landsins árið 2026.

Þúsundir fá aðstoð


Umrætt verkefni LWF í Úganda spannar tímabilið frá mars 2024 til mars 2026 og kostar um 170 milljónir króna (1.319.622 bandaríkjadala). Starfið fer fram á fimm stöðum í Úganda; í móttökubúðum flóttafólks í Kisoro, Oruchinga, Nakivale, og flóttamannabúðum í Rwamwanja og Kyangwali. Vatn og hreinlætisaðstaða verður tryggð fyrir tvö þúsund manns, fjögur þúsund manns verður tryggt húsaskjól, um 600 fá sálfélagslegan stuðning og gætt verður að kynbundnu öryggi þúsund kvenna og barna.

Pökkum stuðninginn!

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Alba gistiheimili
Alda eignarhaldsfélag ehf
Aldeilis auglýsingastofa ehf
Almenna bílaverkstæðið ehf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
ASK Arkitektar ehf
Atlantsflug ehf
Atli Hilmarsson ehf
ÁM-ferðir ehf
B.B.bílaréttingar ehf
Bako Verslunartækni ehf
BBA FJELDCO ehf
Betra líf ehf
BGI málarar ehf
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf, s: 577 4477
Birtingur ehf
Bíl - Pro ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bor ehf
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf
Brim hf
Brúnás innréttingar
BSI bifreiðaverkstæði ehf
CU2 ehf-www.cu2.is
Daddi's Pizza
Dalfoss ehf
Danska kráin
Dansrækt JSB ehf
Dental-I ehf
Devitos Pizza ehf
Dokkan, þekkingar- og tengslanet-www.dokkan.is
Drífa efnalaug og þvottahús
Dubliners.is
Durum restaurant

Dýragarðurinn ehf
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Eðalklæði ehf
EEV Framkvæmd og ráðgjöf ehf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlun ehf
Eir ehf
Eldhús sælkerans ehf
Ellen Ingvadóttir- löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
Fjallabak ehf, ferðaskrifstofa
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fjöður ehf, þvottahús
Fjölver ehf, olíurannsóknir
Framvegis-miðstöð símenntunar
Gastec ehf
Gatnaþjónustan ehf
Ginger ehf
Glítur ehf
Globus hf
Gólfefnaval ehf
Grant Thornton endurskoðun ehf
Greiðan hárgreiðslustofa slf
Grænn markaður ehf
GS1 Ísland-strikamerkjalausnir ehf
Gull og silfur ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gæðabakstur og Ömmubakstur
H.Jónsson ehf, rétting og sprautun
Halldór Jónsson ehf
Hampiðjan hf
Haninn ehf, veitingastaður
Happdrætti Háskóla Íslands
Hákon Bjarnason ehf
Hekla hf
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hjá Hrafnhildi
Hjá Ingvarsson ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók slf
Hljá Tannlæknastofa
Holt og gott ehf
Hrafnistuheimilin
Hreinsitækni ehf



Hreyfimyndasmiðjan
Húsaklæðning ehf-www.husco.is
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi ehf
Iclean ehf
Innigarðar ehf
Intellecta ehf
Island Apartments
Íbúðagisting.is
Ísbúðin Fákafeni ehf
ISKÓ ehf
Íslenska útflutningsmiðstöð hf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ís-spor ehf
Jarðtækni ehf - Verktakar
Jeppaþjónustan Breytir ehf
JHM - sport.is
K. H. G. Þjónustan ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjaran ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kol veitingahús
Kolibri ehf
Kólus ehf
Krumma ehf
Kurt og Pí ehf
Lagnalist ehf
Landssamband lögreglumanna
Laugarásbíó
Leir og postulín ehf
Litróf ehf
Litsýn ehf
Lýsi hf
Lögræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Matarkjallarinn
Matís ohf
Meba- úr og skart
MFM Miðstöðin ehf.
MG flísalagnir ehf
Millimetri sf
MIO MIO ehf
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Neshamar ehf
Nordic Office of Architecture ehf

Nýbyggð ehf
Nýi tónlistarskólinn
Nýja sendibílastöðin hf
One Systems Ísland ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Pingpong.is
Pixel ehf
Pípulagnaþjónusta Reykjavík ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafbogi ehf
Raflax ehf
Rafmennt ehf
Rafstjórn ehf
Raftar ehf
Rafver hf
Rafögn
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Reykjavíkurborg
Reyktal þjónusta ehf
Rima Apótek
Seljahlíð - heimili aldraðra
Sigurraf ehf
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkrálfun Styrkur ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skipulag og stjórnun ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
Skýrslur og skil
Smith og Norland hf
Snyrtistofa Grafarvogs ehf
Spektra ehf
Spör ehf, auglýsingastofa
Steinkompaníið ehf
Strætó bs
Sumargarðar ehf
Tannlæknafélag Íslands
TCM Innheimta ehf
Teikna - teiknistofa arkitekta ehf
Tensio ehf
Terra Export ehf



Tékkland bifreiðaskoðun ehf
 THG Arkitektar ehf
 Tónastöðin ehf
 Trévirki ehf
 Tölvu- og verkfræðipjónustan
 Tösku- og hanskabúðin ehf
 Umslag ehf
 Úti og inni sf
 Veðurstofa Íslands
 Verkfærasalan ehf
 Verkhof ehf
 Verkhönnun ehf
 Verslunin Vínberio
 Vesturgarður ehf
 Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
 Vilhjálmsson sf, heildverslun
 VK verkfræðistofa ehf
 Vörn, öryggisfyrirtæki
 Vörukaup ehf, heildverslun
 Würth á Íslandi ehf
 Z - brautir og gluggatjöld
 Þór hf
 Örninn - hjól

Seltjarnarnes

Horn í horn ehf, parketlagir

Kópavogur

Sýni ehf
 ALARK arkitektar ehf
 Alhliða pípulagnir sf
 AP varahlutir ehf
 Arkís arkitektar ehf
 Arnardalur sf
 Automatic ehf, heildverslun
 Bak Höfn ehf
 Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
 Birtingaholt ehf
 Bílasprautun og réttingar Auðuns
 Bílrúðumeistarinn slf
 Bjartur rafverktaki ehf
 Bliki bílamálun og réttingar ehf
 Blikksmiðjan Vík ehf
 Brunahönnun slf
 Domusnova fasteignasala

Einar Ágústsson & Co ehf
 Elfa Guðmundsdóttir tannlæknir, s: 564 6250
 EL-X rafverktakar ehf
 Exton ehf
 Fasteignamiðstöðin ehf
 Félag stjórnenda
 GG Sport
 goddi.is
 GR Verk ehf
 Hafið-fiskverslun ehf
 Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
 Hitatækni ehf
 Hjálmarsson ehf
 Hvammshólar ehf
 Iðnaðarlausnir ehf
 Ingi hópferðir ehf
 Íslenskt sjávarfang ehf
 Lakkskemman ehf
 Landmótun sf
 Litlaprent ehf
 Lín design
 Loft og raftæki ehf
 Margrét Hjaltadóttir, tannlæknir
 Rafefling ehf
 Rafsetning ehf
 Rafvirkni ehf
 Rakarastofan Herramenn
 Rótor ehf
 Rubix Ísland ehf
 Ræstitækni ehf
 S. Grétarsson ehf
 Segull ehf
 Suðurverk hf
 Sælgætisgerðin Freyja ehf
 Útfararstofa Íslands ehf
 Verdi Travel - ferðaskrifstofa
 Verkfræðistofan Hamraborg sf
 Vestkraft ehf
 Zenus gluggatjöld
 Þvegillinn ehf

Garðabær

66° Norður
 AH Pípulagnir ehf
 Dráttarbílar vélaleiga ehf



Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
 Garðabær
 Geislatækni ehf - Laser þjónustan
 Hagráð ehf
 Hásandur ehf
 Kerfóðrun ehf
 Kópavogspósturinn ehf
 Loftorka Reykjavík ehf
 Rafboði
 Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
 Scanmar á Íslandi ehf
 Ungmennafélagið Stjarnan, Stjörnuheimilinu
 Val - Ás ehf
 Versus bílaréttingar og málun

Hafnarfjörður

Aflhlutir ehf
 Afltækni ehf
 Ás, fasteignasala ehf
 Barkasuða Guðmundar ehf
 Bílaverk ehf bílamálun og réttingar
 Bjarnar ehf
 Blikkarinn ehf, blikksmiðja
 Blikksmiði ehf, s: 5654111
 Bortækni ehf
 Brettasmiðjan ehf
 Colas Ísland
 Dekkjasalan ehf
 Donna ehf
 Efnalaugin Glæsir
 EÓ-Tréverk sf
 Essei ehf
 Fjarðarkaup ehf
 G.S. múrverk ehf
 Hafnarfjarðarhöfn
 Hagsuða ehf
 Hagtak hf
 Hamrafell ehf
 Himnaríki ehf
 Holtanesti
 Hvalur hf
 Krossborg ehf
 Kæling ehf
 Lindaberg ehf
 Markus Lifenet, björgunarbúnaður

Netorka hf
 Nonni Gull
 Rafeining ehf
 Reikningar og ráðgjöf ehf
 S.G múrverk ehf
 SIGN ehf, skartgripaverkstæði
 Smíðaverk ehf
 Stál og suða ehf
 Straumleiðir ehf
 Strendingur ehf
 Teknis ehf
 Torcargó
 Útvík hf
 Verktækni
 VSB verkfræðistofa ehf
 Williams & Halls ehf

Álftanes

Verslunarfélagið Emerald ehf

Reykjanesbær

Benni pípari ehf
 Bergraf ehf
 Bílasprautun Magga Jóns ehf
 Bílrúðupþjónustan ehf
 Brunavarnir Suðurnesja
 CampEasy ehf
 DMM Lausnir ehf
 Dýralæknastofa Suðurnesja
 Efnalaugin Vík ehf
 Ellert Skúlason ehf
 Georg V. Hannah sf
 geoSilica Iceland ehf
 Happy Campers ehf
 Hápípan ehf
 Húsagerðin hf, vottanir gluggar
 Kalka sorpeyðingarstöð sf
 Kast.is
 M² Fasteignasala & Leigumiðlun
 Plexigler ehf
 Ráin, veitingasala
 Rétt sprautun ehf
 Rétturinn ehf
 S.Á. verkstæði ehf
 Sigurjónsbakari



VSÓ RÁÐGJÖF



Skólar ehf
Slæging ehf
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
TSA ehf

Grindavík

Einhamar Seafood ehf
Northern Light Inn
Stakkavík ehf
Vísir hf

Suðurnesjabær

Amp rafverktaki ehf
Aukin Ökuréttindi ehf
ÁÁ verktakar ehf
Gunnar Hámundarson ehf
Júlíus Helgi Einarsson
SI raflagnir ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

Mosfellsbær

Afltak ehf
Ágluggar JG ehf
bilalokkun.is-www.kopsson.is
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Draumagolf ehf
Dynkur ehf
Ísfugl ehf
Kopar & Zink ehf
Malbikstöðin ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Rafis ehf
Umbúðamiðlun ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf
Öryggisgirðingar ehf

Akranes

Hvalfjarðarsveit
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
LH bókhald ehf
Meitill - GT Tækni ehf
Norðanfiskur ehf
PÍPÓ ehf
Skipaskagi ehf
Valfell fasteignasala
Vogir ehf

Borgarnes

B. Björnsson ehf
Blómasetrið - Kaffi kyrrð
Borgarbyggð
Límtré Vírnet ehf
Solo hársnyrtistofa sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf

Grundarfjörður

Dvalarheimilið Fellaskjól

Ólafsvík

Steinprent ehf
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf

Hellissandur

Breiðavík ehf
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
Hópförðabílar Svans ehf
KG Fiskverkun ehf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

Búðardalur

Rafsel Búðardal ehf
Rjómaþúfið Erpsstaðir ehf

Ísafjörður

Arctic Fish ehf
Ferðaþjónustan í Heydal
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Ísblikk ehf
Laugi ehf.
Rörás ehf
Samgöngufélagið-www.samgongur.is
Sjúkraþjálfun Vestfjarða
Skútusiglingar ehf
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Þrymur hf,vélsmiðja

Hnífsdalur

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Rafverk Alberts Guðmundssonar ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

Flateyri

Sytra ehf

Suðureyri

Fisherman
Fiskvinnslan Íslandssaga hf

Patreksfjörður

Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Eyfaraf ehf

Bíldudalur

Hafkalk ehf
Lás ehf

Hólmavík

Sparisjóður Strandamanna

Drangsnes

Hveravík ehf

Hvammstangi

Kvenfélagið lðja

Blönduós

Ísgel ehf

Kvenfélag Svínavatnshrepps

Skagaströnd

Vík ehf

Sauðárkrókur

Aldan - stéttarfélag

Bókhaldsþjónusta KOM ehf

Byggðastofnun

Doddi málari ehf

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Hlíðarkaup

Steinull hf

Þreksport ehf

Varmahlíð

Langamýri - Fræðslusetur kirkjunnar

Hofsós

Garðar rafvirki

Íslenska fánasaumastofan ehf

Vesturfarasetrið Hofsósi

Siglufjörður

JE Vélaverkstæði ehf

Siglufjarðar Apótek ehf

Akureyri

Akureyrarbær

Almenna lögþjónustan ehf

Arte rakarastofa

Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði

Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf

Blikkrás ehf

Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Eining-lðja

Enor ehf

Framtal sf

Geimstofan ehf, auglýsingastofa

Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is

Grófargil ehf

Hagvís ehf

Hlíð hf

Hnýfill ehf

Húsheild Hyrna ehf

India karry kofi ehf, Reykjavík & Akureyri

Keahótel ehf

Kollgáta Arkitektúr-www.kollgata.is

Kraftbílar ehf

Kranabílar Norðurlands

Ljósco ehf

Matur og mörk hf

Medulla ehf

Norðurlagnir sf

Rafmenn ehf

Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Rakarastofa Akureyrar ehf

Rub23 - Fish meat sushi

S.Guðmundsson ehf, múrverktaki

Samvirkni ehf

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Stefna ehf

Steypusögun Norðurlands ehf

Toyota Akureyri

uvavino.is

Veitingastaðurinn Krua Siam

Dalvík

Bruggsmiðjan Kaldi ehf

EB ehf

Ektafiskur ehf

Híbýlamálun,málningarþjónusta ehf

Tannlæknastofan Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Ólafsfjörður

Skiltagerð Norðurlands ehf

Húsavík

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-www.fjallasyn.is

Tjörneshreppur

Trésmiðjan Rein ehf

Val ehf

Vélaverkstæðið Árteigi

Laugar

Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464 2990

Norðurpóll ehf, trésmiðja

Mývatn

Hlíð ferðaþjónusta ehf

Jarðböðin við Mývatn

Vogar ferðaþjónusta

Kópasker

Vökvapjónusta Kópaskers ehf

Þórshöfn

Geir ehf

Bakkafjörður

K Valberg slf

Vopnafjörður

Bílar og vélar ehf

Egilsstaðir

Ársverk ehf

Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstadir
Gunnarsstofnun
Héraðsprent ehf
Hótel Eyvindará
Klassík ehf
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Múlaping
PV-pípulagnir ehf
Þ.S. verktakar ehf

Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Launafl ehf

Eskifjörður

Egersund Ísland ehf
Fjarðaprif ehf
Hótel Eskifjörður ehf
LF fasteignasala - Reykjavík - Austurland

Neskaupstaður

Fjarðalagnir ehf
Verkmenntaskóli Austurlands
Verslunin Pan ehf

Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf

Djúpavogur

Hótel Framtíð ehf

Höfn í Hornafirði

Birkifell ehf
H. Christensen ehf
Klifá ehf, ferðaþjónustan Gerði ehf
Pakkhús - veitingar
Rósaberg ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar

Selfoss

Árvirkinn ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Búhnykkur sf
Búnaðarsamband Suðurlands
Café Mika Reykholti
EM heima gallerí
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Gróðrarstöðin Storð ehf
Gufuhlíð ehf
Í minningu Jóns Sigurðssonar frá Úthlíð
Jarðverksþjónustan ehf, s:7780890
Jeppasmiðjan ehf
Jóhann Helgi & Co ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Prentverk Selfoss ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rafteikn

Set ehf, röðaverksmiðja
SG hús ehf
Stálkrókur ehf
Stúdíó Stund ehf ljósmyndastofa
Suðri ehf
Súperbygg ehf
Súperlagnir ehf
Ullarverslunin Þingborg ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
VBF Mjólnir ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf

Hveragerði

Ficus ehf
Hótel Örk
Kjörís ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf
Norbygg ehf

Ölfus

Eldhestar ehf
Gljúfurbústaðir ehf
Gróðrarstöðin Kjarr

Flúðir

Riding Tours South Iceland ehf

Hella

Ásahreppur
Rangárþing ytra

Hvolsvöllur

Eyrbúíð ehf
Krappi ehf, byggingaverktakar
Smári S ehf
Torf ehf
Viðskiptaþjónusta Suðurlands - umboð TM

Vík

Mýrdælingur ehf

Kirkjubæjarklaustur

Hótel Klaustur - Bær ehf
Skaftárhreppur

Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Bragginn sf, bílaverkstæði
Eyjablíkk ehf
Gröfubjónustan Brinks ehf
Ísfélag hf
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs styður þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs skort fáu stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Línga fólkúð fær aðstoð við að kaupa námsöggn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnamiss nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkurmyndun einkenna landsvæðð sem fjölskyldan býr á í Sómalíykú.

Með brunni eða vatnsþró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukið svo um munar og þá verður helisan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt dýrunum og veitt vatni á ræktarland eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsáskoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alvarri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi líf.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholðað og skordyr verpa ekki í holum í veggjum eins og í molderkerfanum. Af báljúrspakinu stáð þess að það streymi inn í glásum kofann. Síðan sennan verður lífsáskoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarrika fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alvarri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi líf.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kúlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústöfninn enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og nýta skinnið. Síðan sennan verður lífsáskoman betri.



www.gjofsemgefur.is